Mag. Guðni Jónsson,

2 33. árg. 26. tbl. föstud. 1. febr. 1946 MORGUNBLAÐIÐ

41.

# JÓN PÁLSSON

## *fyrverandi bankafjehirðir*

f. 3. ág. 1865. d. 18. jan. 1946.



HANN VERÐUR borinn til grafar í dag, og kvaddur hinstu kveðju af stórum hópi hinna mörgu vina, og til hans hugsað af fjöldamörgum, er hann þektu. Hann var einn þeirra

Reykjavíkur tók til starfa, var Jón skipaður formaður nefndarinnar, og var hann það til æfiloka.

Hann var skipaður í stjórn Holdsveikraspítalans í Laugarnesi, og í stjórn Líknarsjóðs Íslands. Hann hefir verið for-

---

## ...einuðu þjóðanna kemur aftur saman

London í gærkvöldi. Einkaskeyti til Morgunbl. frá Reuter. Eftir Khalek Queresi.

KOSNINGU umsjónarráðs hinna sameinuðu þjóða, er ...hafa á umsjón með hinum ýmsu landsvæðum, er sameinuðu þjóðirnar skulu annast, verður því nær áreiðanlega frestað uns aðalsamkunda sameinuðu þjóðanna kemur aftur saman vestanhafs seinna á þessu ári. Einnig verður því frestað að setja á fót stofnun, er hafi umsjón með svæðum hins fyrra þjóðabandalags.

**Erfitt mál viðureignar.**

Sjerstök undirnefnd, sem fal...ð hafði verið að fjalla um þessi mál, ákvað í dag að lýsa því yfir, að þetta hefði ekki tekist. Mun hún tilkynna það aðalnefndinni á morgun. Þannig virðist þetta deilumál, sem ...afði svo mjög fyrir landa...msjónarnefndinni í undirbúningsstarfi hennar, ekki vera nær neinni lausn, en áður.

**Ýmsar uppástungur.**

Kanadamenn stungu upp á því, að þegar meðlimur í bandalagi hinna sameinuðu þjóða ósk...ði að setja landsvæði undir umsjón bandalagsins, þá skyldi hann láta aðalritara bandalagsins vita af því og gefa honum upp nöfn þeirra þjóða, sem semja þyrfti við um málin, þar eð þær teldu sig aðila að þeim. Þessari uppástungu var fálega tekið af þeim þjóðum, sem nú hafa landa að gæta, þar sem þær töldu þá of auðvelt að svifta sig umsjónarrjettinum. Ákvað nefndin að leggja til, að láta málið eiga sig, uns allsherjarsamkundan kemur saman næst.

### SKEMMTISTAÐ LOKAÐ

LONDON: Lögreglan í París hefir lokað skemmtistað einum, þar sem amerískir liðsforingjar komu saman. — Eigandi veitingahúss þessa var tekinn höndum fyrir það að hafa selt í leynisölu kampavín, sem Bandaríkjaherinn átti.

London í gærkveldi:

SÁTTMÁLI sá, sem Bretar og Egyptar gerðu með sjer árið 1936, verður nú endurskoðaður. Hefir egyptska stjórnin sent bresku stjórninni álit sitt á sáttmálanum og segir, að samningurinn hafi verið gerður af nauðsyn, þar sem ófriður hafi þá þegar virst yfirvofandi. Óskar stjórn Egypta eftir gagngerðri endurskoðun á sáttmála þessum, og sjerstaklega þó, að Bretar fari með her sinn á brott úr landinu. Telur egyptska stjórnin það særandi fyrir þjóðarstolt Egypta, að erlendur her hafi bækistöðvar í landinu.

Bretar hafa svarað þessarri orðsendingu Egypta, og kveðst stjórnin vilja, að Egyptar hafi sömu aðstöðu og samveldislönd Breta, og kveðst reiðubúin til þess að taka upp viðræður við egyptsku stjórnina á þeim grundvelli. — Talið er að viðræður hefjist bráðlega um endurskoðun samninganna.

— Reuter.

### GAMLIR PENINGAR FINNAST

LONDON: Nýlega fannst í Mablethorpe, Lincolnshire, leirkrukka ein frá tímum Rómverja. Í henni voru 30 rómversk ir gullpeningar. Fundur þessi var settur í British Museum.

42.

XXVI.árg.26.tbl.
föstud. 1.febrúar 1946 ALÞÝÐUBLAÐIÐ

**Minningarorð:**

# Jón Pálsson bankaféhirðir

LÍKAMI JÓNS PÁLSSONAR verður greftraður í dag.

Jón Pálsson var fæddur í Syðra-Seli, Stokkseyrarhreppi í Árnessýslu, 3. ágúst 1865.

Foreldrar hans, Margrét Gísladóttir og Páll Jónsson, voru mestu merkishjón, valinkunn, vel ættuð og af söng-



nuðu, hélt áfram veginn upp að ...um var John, fór yfir móana og ...na. Þegar þeir komnir upp á há- ...skýla þeim fyrir storminum, og ...ni, hrösuðu um steina og kjarr, ...mall, hvorki með föður sínum né ...f undarlegum æsingi, hálfgerðri ...ambandi við námuna, eða reiðu ... stafaði af þessari baráttu við ... elskaði hann og þetta gat hann ...ar sjórinn, sem kastaðist upp að Andriff-höll, og þar var Fanney ...jóðið. Nú heyrði hann sjálfur sjáv...legt eða reiðilegt hljóð, heldur Mennirnir fyrir aftan hann voru

manninn. Maðurinn féll við, – sem á eftir honum voru, svo a... og létu lífið!

Aftur heyrði drengurinn þ...

„Það væri anzi lögulegt, e... við einn strákling! Förum nú a... hans!“

Og með sama byrjuðu þei... á við, hver á fætur öðrum. En ... fyrr að losa um ísmolana, og fy... ins bar við ísbrúnina, lét hann ... og kom þannig öllum þeim fyrir... upp á jakann í þetta skipti sem...




...ur maður kemur að ...

Kata talar í óráði: ...pa, komast burt frá hon-

eltir mig. Hvar er ég?

Þú, þú æ nú man ég allt, þú eltir mig. Hvar er ég.

Þau ólu upp fósturbörn og reyndust þeim sem beztu foreldrar. Guðný Torfadóttir og Ragnar bróðir hennar komu til hjónanna á 4. og 5. ári. Frú Guðný hefur alla tíð verið hjá þeim, en Ragnar fór fullorðinn utan og dvelur erlendis. Frú Guðný er gift Kristni Vilhjálmssyni. Eiga þau telpu, þriggja ára, sem ber nafnið Anna Sigríður.

Litla Anna hefur verið sannkallaður sólargeisli á heimilinu og eldri hjónunum til mikillar gleði, svo barngóð og elskurík sem þau bæði voru.

Allra sannglaðastur var Jón Pálsson á heimili sínu, þegar hann sat við hljóðfærið sitt, lék fegurstu lögin og baðaði sál sína í regni og sólskini tónanna.

Síðustu árin kenndi Jón mikils lasleika, en gekk þó að sínu eins og ekkert væri, sat fundi og ferðaðist, ef þörf krafði. Hann lagðist rúmfastur seinast í nóvember síðast liðnum og andaðist á hádegi 18. þessa mánaðar.

Aldrei mælti hann æðruorð í legu sinni og tók því ókomna með sigurvissu í sólbjarma trúarinnar og óbifanlegu trausti á stjórnanda lífsins.

*Hallgrímur Jónsson.*

42.

KIRKJUBLAÐIÐ
IV. árg. 3. tbl.
Mánudaginn, 18. febr. 1946

43.

# Jón Pálsson

fyrv. bankagjaldkeri.

MINNINGARORÐ

Hann lézt að heimili sínu hér í Reykjavík hinn 18. f. m. á 81. aldursári (f. 3. ág. 1865).

Flest blöð landsins hafa minnst þessa ágætismanns.

Kirkjublaðið vill einnig geyma minningu hans. Hann var kirkjuvinur mikill alla æfi, og vann mikið og gott verk í þjónustu kirkjunnar á sviði söngsins, bæði með organista- og söngstjórastarfi sínu og með því að innleiða ný og falleg sálmalög í kirkjum þeim, sem hann starfaði við.



Jón Pálsson.

Jón Pálsson var fósturfaðir Páls tónskálds Ísólfssonar, frænda síns, og studdi hann vel og drengilega á námsbrautinni. Bræður Jóns og fjöldi frænd-

Jón Pálsson var mannvinur og lét mjög mörg mannúðarmál til sín taka og líknarmál. Hann átti þrá eftir að líkna þeim, sem sjúkir voru og var einn af forgöngumönnum að stofnun Sjúkrasamlags Reykjavíkur. Hann var barnavinur mikill og undi sér með afbrigðum vel í hópi barna. Starfaði hann mikið fyrir börnin og æskulýðinn frá því fyrsta og var barnakennari á fyrstu starfsárum sínum.

Hann hafði næmt auga fyrir öllu böli og var fljótur til hjálpar og brást drengilega við, er til hans var leitað á erfiðleikastundum. Hann sýndi fallega í verki þrá sína eftir að hjálpa ofdrykkkjumanninum og rétta honum hjálparhönd.

Jón Pálsson var átthaga- og ættjarðarvinur. Árnessýsla var honum eins og fagur æfintýraheimur. Og tryggð hans yfirgaf aldrei þá, sem honum voru þar samferða. Hann var fræðimaður og fékkst mikið við ritstörf alla æfi, enda lætur hann eftir sig handrit í fjölda bóka.

Kvæntur var Jón hinni ágætustu konu, Önnu Adolfsdóttur, sem í hvívetna reyndist honum sannur vinur. Lifir hún mann sinn.

S. S.

Sigurgeir Sigurðsson
biskup

Bankablaðið. 12.árg. 1.hefti 1946 bls. 10

44.

# JÓN PÁLSSON

*fyrrv. bankaféhirðir.*



Jón Pálsson fæddist 3. ágúst 1865 og andaðist 18. janúar 1946. Hann varð starfsmaður Landsbanka Íslands árið 1910 og gjaldkeri bankans 1912—1928, er hann sagði því starfi lausu vegna heilsubilunar.

Þótt Jón nyti aðeins lítilfjörlegrar barnaskólamenntunar, varð hann þó prýðilega menntaður maður snemma á aldri og jók stöðugt við menntun sína alla ævi. Maðurinn var ágætlega gáfaður, fróðleiksfús og stálminnugur. Eftirtekt hans á því, er fram fór, var frábær, og hann var fádæma mannglöggur, þekkti og mundi nöfn og ættir þúsunda manna eldri og yngri. Oft þekkti hann börn aðeins á svipnum, vissi hverrar ættar þau mundu vera.

Faðir Jóns var Páll Jónsson hreppstjóri og móðir hans Margrét Gísladóttir. Ætt þessi er gáfuð mjög og listfeng. Dr. Páll Ísólfsson er bróðursonur Jóns og mun það vera Jóns verk, að sá frábæri listamaður hlaut þá menntun, sem honum sæmdi.

Jón Pálsson var brjóstgóður maður og mikill vinur smælingja, manna og dýra. Eru það fagrar dygðir og eftirbreytnisverðar. Vafalaust hefir hann sáð mörgum góðum frækornum í sálir unglinga með dýraverndunarstarfi sínu. Vinur var Jón tryggur, þar sem hann tók því, og sparaði þá hvorki fé né fyrirhöfn, er þurfti að hjálpa. Þar var engin hálfvelgja. — Jón var geðríkur nokkuð og viðkvæmur maður.

Jón lék vel á orgel og verzlaði lengi með hljóðfæri. Aldrei seldi hann annað en vönduðustu vöru frá kunnum verksmiðjum og var afar áreiðanlegur í viðskiptum.

Mjög framarlega stóð Jón Pálsson í ýmsum félögum. Hann var stofnandi Sjúkrasamlags Reykjavíkur og formaður þess frá upphafi (1909), þar til tryggingarfélag var stofnað samkvæmt lögum, árið 1935.

Bindindismaður á vín var hann alla ævi. Var áhugasamur í baráttunni gegn áfengisbölinu og sýndi það í verki, er hann, ásamt konu sinni, gaf 20 þús. kr. til stofnunar hælis fyrir drykkjusjúka menn. — Hann var formaður Barnasumardvalarfélags Oddfellowa og lét sér mjög annt um það, eins og raunar öll þau störf, er hann tókst á hendur. Mörg fleiri störf Jóns í félags- og menningarmálum mætti telja og verður efalaust gert annars staðar.

Þá eru enn ótalin hin miklu ritstörf Jóns Pálssonar. Lengi ævi safnaði hann ýmsum fróðleik og gamansögum. Mun það safn allmikið. Enn hefir aðeins ein bók verið gefin út af því safni, eða fyrsta heftið af því, „Austantórur“, en vonandi er að útgáfunni verði haldið áfram. —

Árið 1895 kvæntist Jón Önnu Sigríði Adolfsdóttur, mætri og góðri konu, er lifir hann. Varð þeim ekki barna auðið.

Jón var sæmdur riddarakrossi Fálkaorðunnar.

Þ. J.

Þorsteinn Jónsson
= Þórir Bergsson, skáld